

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 51 10. júní 1964, um tekjustofna sveitarfélaga.

Frá 1. minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar (JSk, ÁÐ).

1. Á undan 1. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:  
Á eftir orðinu „mjólkurbú“ í síðari málsg. 8. gr. laganna komi: ræktunar-sambönd af jarðræktarvinnu fyrir félagsmenn.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:  
31. gr. laganna orðist svo:  
Útsvar skal miða við hreinar tekjur og eign skv. skattskrá, sbr. þó 36. gr. 2. mgr. og 42. gr. Við ákvörðun eigna til útsvars skal miða við gildandi fasteignamat þrefaldað.  
Frá hreinum tekjum gjaldanda skal draga sem hér segir, áður en útsvar er lagt á þær skv. 32. gr.:
 

Hjá einstaklingum .....	kr. 45000.00
Hjá hjónum .....	— 63000.00
Fyrir hvert barn, innan 16 ára aldurs, á framfæri gjaldanda	— 12000.00
3. Við 3. gr. Greinin orðist svo:  
Stafliður A, töluliður 1. 32. gr. laganna orðist svo:  
Einstaklingar og hjón:  
Af fyrstu 40000 kr. 10%.  
Af 40000—90000 kr. greiðast 4000 kr. af 40000 kr. og 20% af afgangi.  
Af 90000 kr. og yfir greiðast 14000 kr. af 90000 kr. og 30% af afgangi.
4. Á eftir 3. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:  
2. málsg. 34. gr. laganna orðist svo:  
Hækkun útsvara má þó eigi fara fram úr 10 hundraðshlutum.
5. Aftan við ákvæði til bráðabirgða bætist:  
Ríkissjóður greiði til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga aukalega það, sem með þarf árið 1965, til þess að jöfnunarsjóðurinn geti skv. d-lið 15. gr. l. nr. 51/1964, um tekjustofna sveitarfélaga, staðið straum af aukaframlögum, sem leitt getur af takmörkunum á álagningarrétti sveitarfélaganna þetta ár  
Ríkisstjórnin skal, strax eftir að frv. þetta hefur hlotið lagagildi, skipa 5 manna nefnd til þess að endurskoða öll löggjafaratriði, er gilda um útgjalda-skyldur sveitarfélaga og tekjuöflun þeirra. Skal nefndin sérstaklega leggja áherzlu á það með tillögum sínum að leggja grundvöll að eðlilegri skiptingu þjóðfélagslegra verkefna milli sveitarfélaganna og ríkisins í samræmi við breytta þjóðarhætti, svo og grundvöll að skiptingu tekjustofna milli þessara aðila eða skiptingu tekna, ef þær eru innheimtar í einu lagi af sama stofni fyrir sveitarfélög og ríki.  
Jafnframt rannsaki nefndin, hvernig hægt verði að komast í álögum hjá því mikla ósamræmi, sem núverandi reglur um gjaldskyldu þegna þjóðfélagsins leiða af sér miðað við efni og ástæður.  
Nefndin verði þannig skipuð, að þingflokkarnir fjórir tilnefni í hana sinn manninn hver, en ríkisstjórnin skipi fimmta manninn án tilnefningar, og skal hann vera formaður nefndarinnar.  
Nefndinni er heimilt að fá sér aðstoð við störf sín, og hafa skal hún samráð við stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga.  
Nefndin skili álit og tillögum svo fljótt, að næsta reglulegt Alþingi geti fjallað um þær.